

I. KAFLI

Breyting á lögum um kjararáð, nr. 47/2006, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1 gr. laganna:

a. Við bætist ný málsgrein er verður 2. mgr., svohljóðandi: Kjararáð skal einnig ákveða laun og starfskjör forstöðumanna hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og dótturfélaga í eigu félaga sem undir þessa málsgrein falla. Ákvæði þetta tekur ekki til dótturfélaga sem falla undir 2. og 3. mgr. 2. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

b. Við bætist ný málsgrein er verður 3. mgr., svohljóðandi: Ákvæði 2. mgr. tekur ekki til dótturfélaga sem falla undir 2. og 3. mgr. 2. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og eru í eigu eða yfirráðum fjármálafyrirtækis, sem hefur fengið starfsleyfi skv. 6. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sem er að meiri hluta í eigu ríkisins.

Skýring:

Með 1. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvörðun um starfskjör forstöðumanna dótturfélaga í eigu hlutafélaga sem undir málsgreinina falla heyri einnig undir kjararáð. Ekki er gert ráð fyrir að þetta eigi við um félög sem eru í eigu dótturfélags með eða án móðurfélags. Því er lögð til sú breyting á 1. gr. frumvarpsins að ákvörðun um starfskjör forstöðumanna félaga sem falla undir 2. og 3. mgr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, heyri ekki undir kjararáð, sbr. a-lið. Sem dæmi má nefna að ef sameignarfélagið Landsvirkjun á hlutafélagið Landsvirkun Invest hf. þá myndi hlutafélag sem væri að meiri hluta í eigu Landvirkjunar Invest hf. ekki falla hér undir.

Einnig þykir rétt að undanskilja sérstaklega þau félög sem falla undir 2. og 3. mgr. 2. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og komast í eigu eða yfirráð fjármálafyrirtækis sem er að meiri hluta í eigu ríkisins, sbr. b-lið. Sem dæmi má nefna að ef hlutafélag sem fjármálafyrirtæki, í eigu ríkisins, eignast með yfirtöku eða eignast ráðandi hlut í þá myndi ákvörðun um starfskjör forstöðumanns þess félags ekki falla undir ákvörðunarvald kjararáðs. Hins vegar myndi dótturfélag fjármálafyrirtækis skv. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 2//1995, um hlutafélög, falla hér undir.